



Samráð við börn við stefnumótun og ákvarðanatöku

Eftir Salvöru Nordal

Síðastliðið vor undirrituðu félags- og barnamálaráðherra og umboðsmaður barna samkomulag um aukið samstarf í málefnum barna. Með samkomulaginu tók umboðsmaður barna að sér að móta tillögur um breytt verklag með aukinni áherslu á börn, sem settar verða fram í aðgerðaáætlun stjórnvalda um þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku. Stefnt er að því að þær tillögur liggi fyrir í lok árs, sem er vel við hæfi, en þann 20. nóvember næstkomandi eru þrjátíu ár liðin frá því að Barnasáttmálinn var samþykktur af Sameinuðu þjóðunum.

Markmið aðgerðaáætlunarinnar er að efla samráð við börn, samanber samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 1. mars síðastliðnum, þar sem segir „að stefnt verði að aukinni þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda sem og tillögu sem felur í sér að allar stærri ákvarðanatökur sem og lagafrumvörp skuli rýnd út frá áhrifum á stöðu og réttindi barna“. Með samþykktinni var stigið mikið framfaraskref og liggur nú fyrir skýr vilji ríkisstjórnarinnar, um að allar stærri ákvarðanatökur sem og lagafrumvörp, sem varða börn með einum eða öðrum hætti, skuli rýnd og mat lagt á áhrif þeirra á stöðu og réttindi barna í íslensku samfélagi.

Í vinnu umboðsmanns barna hefur verið lit-



Salvör Nordal

id til fyrirmyndarverklags og bestu aðferða í ýmsum löndum og rannsókná fræðikonunnar Lauru Lundy um þátttöku barna. Lundy hefur greint kjarnann í 12. gr. Barnasáttmálans í fjóra meginþætti, sem þurfa að vera til staðar í virku og raunverulegu samráði við börn. Þessi atriði eru: Vettvangur, þ.e. að skapaður sé vettvangur þar sem börn eru örugg og fá að taka þátt. Rödd, að börn fái nauðsynlegar upplýsingar og stuðning til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Áheyrn, að raunverulega sé hlustað á börn. Áhrif, sjónarmið barnanna eru tekin alvarlega og hafa áhrif á stefnumótun og ákvörðunartöku í öllum málum sem varða þau.

Í þessari viku verður haldin vinnustofa í Reykjavík þar sem Laura Lundy mun halda fyrirlestur um Lundy-módelið. Einnig heldur Carmel Corrigan, sérfræðingur hjá umboðsmanni barna á Írlandi, erindi, en árið 2015 innleiddi Írland framsækna aðgerðaáætlun um samráð við börn. Einnig flytur félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, ávarp og umboðsmaður barna mun gera grein fyrir stöðu vinnunnar við aðgerðaáætlunina. Þá halda tveir fulltrúar úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna fyrirlestur, þeir Eidiur Axelsson Welding og Ísak Hugl Einarrsson.

Vinnustofan er ætluð þeim sem vinna að hagsmunum og málefnum barna og gefst þátt-

» Áhersla Barnasáttmálans á þátttöku barna er eitt mikilvægasta framlag hans til valdeflingar barna.

takendum kostur á að deila reynslu sinni af farsælu samráði við börn ásamt því að koma á framfæri hugmyndum um hvernig slíku samráði sé best háttað hjá stjórnvöldum, stofnunum og sveitarstjórnunum. Þessar hugmyndir verða síðan nýttar í áframhaldandi vinnu við aðgerðaáætlun um þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Barnaþing

Á síðasta ári samþykkti Alþingi breytingar á lögum um umboðsmann barna þar sem kveðið var skýrar á um hlutverk embættisins með áherslu á réttindi barna og Barnasáttmálann. Með samþykkt laganna var lögfest virkt samráð við börn og hlutverk ráðgjafarhóps umboðsmanns barna. Loks var kveðið á um að umboðsmaður barna boði annað hvert ár til barnaþings þar sem farið verði yfir stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins en gert er ráð fyrir því að niðurstöður þingsins verði kynntar ríkisstjórn og hlutaðeigandi ráðherrum. Fyrsta barnaþingið verður haldið dagana 21. og 22. nóvember næstkomandi og verður þingið stærsti viðburður afmælisárs Barnasáttmálans.

Á barnaþingi munu 170 börn taka þátt í þjóðfundi barna, en börnin voru valin með

slembivali úr þjóðskrá, og koma alls staðar að af landinu. Markmiðið er að stuðla að aukinni þátttöku barna í samfélagslegri umræðu og lýðræðisstarfi. Áhersla er lögð á að skapa vettvang, á forsendum barna, þar sem þau fá tækifæri til að ræða við önnur börn, fá að láta í ljós skoðanir sínar og upplifa að þau sé hlustað og mark á þeim tekið, eins og gert er ráð fyrir í greiningu Lundy á þátttöku barna.

Á þjóðfundinum gefst börnunum jafnframt tækifæri til að ræða hugmyndir sínar og skoðanir við fullorðna aðila sem geta haft áhrif á stöðu barna, eins og t.d. alþingismenn, ráðherra, fulltrúa félagsamtaka og aðila vinnu-markaðarins. Umboðsmaður mun síðan vinna að því að niðurstöður þingsins hafi raunveruleg áhrif á stefnumótun og þróun í málefnum barna. Á næsta barnaþingi verður gerð grein fyrir hvernig sjónarmið barnanna höfðu áhrif á stefnumótun þannig að börn upplifi að þátttaka þeirra á barnaþingi hafi haft raunveruleg og sýnileg áhrif.

Áhersla Barnasáttmálans á þátttöku barna er eitt mikilvægasta framlag hans til valdeflingar barna. Segja má að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um mótun sérstakrar aðgerðaáætlunar um þátttöku barna og ákvörðun Alþingis um að halda skuli barnaþing annað hvert ár með þátttöku barnanna sjálfra, sé ein mikilvægasta gjöf þeirra til íslenskra barna á afmælisárinu, og á vonandi eftir að valda straumhvörfum í samráði við börn á næstu árum.

Höfundur er umboðsmaður barna.